

Hringborð endurskoðunarnefnda

15. janúar 2026

Fimmtudagur 15. janúar 8:30 til 10:30



Dagskrá

Opnun og samantekt frá seinasta fundi 8:30 til 8:45

Margrét Pétursdóttir, KPMG

Reglugerð um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum 8:45 til 9:15

Hjördís Ólafsdóttir, KPMG

Hlutverk endurskoðendaráðs tengt endurskoðunarnefndum 9:15 til 9:30

Áslaug Árnadóttir, formaður endurskoðendaráðs

Umræður – allir 9:30 til 10:10

Breytingar á lögum og reglum til að hafa í huga við lokun á árinu 2025

Gísli Baldvinsson & Margrét Pétursdóttir KPMG 10:10 til 10:30

Samantekt frá seinasta fundi



Margrét Pétursdóttir
mpetursdottir@kpmg.is

Um Hringborðið

Markmið og hlutverk vettvangsins

- Vettvangurinn er hugsaður sem samráðsvettvangur fyrir nefndarmeðlimi til að ræða sín störf, deila reynslu, auka þekkingu og móta hlutverk endurskoðunarnefnda.
- Áhersla er á að skýra hlutverk nefndanna, bera saman ólíkar aðferðir og skoða hvort upplýsingaflæði til nefndarmanna sé nægjanlegt.
- Vettvangurinn á ekki að vera of formfastur eða bundinn við stífa dagskrá, heldur leyfa umræðum að flæða og taka upp praktísk málefni og breytingar sem eru á döfinni eftir þörfum.

„Ánægð með þetta framtak“

„Ekki að skilgreina þetta í kaf heldur hafa þetta flæðandi – pikka frekar upp punkta og koma með svo praktíska umfjöllun. Leyfa þessu að flæða til að byrja með og ekki eyða miklum tíma í að búa til of þrönga skorður.“

Um Hringborðið

Ávinningur og framtíðarsýn

- Vettvangurinn á að stuðla að betri starfsháttum, vera hugmyndabanki og upplýsingamiðlun, frekar en að skapa formlegar starfsreglur.
- Ávinningurinn felst í því að mingla, heyra reynslu annarra og fá nýjar hugmyndir.
- Þátttakendur lýstu ánægju með framtakið og töldu það mikilvægt fyrir þróun og framgang endurskoðunarnefnda.

„Aðallega upplýsingamiðlun og hugmyndabanki, ekki væntingar til þess að það verði til einhverjar starfsreglur eða slíkt útúr þessu.“

Um Hringborðið

Fundarfyrirkomulag og þátttaka

- Fundirnir eru ætlaðir eingöngu þeim sem sitja í endurskoðunarnefndum, til að tryggja að umræðan sé markviss og viðeigandi.
- Tíðni funda er talin hæfileg 2–3 sinnum á ári, með.
- Mikil áhersla á að gefa góðan tíma fyrir umræður og frjálst spjall.
- Áhersla er á að blanda saman skipulögðum erindum og opnum umræðum, þar sem þátttakendur geta deilt reynslu og bestum venjum.

„Ágætis rammi eins og þetta fer af stað“

„Hefðum viljað meiri tíma í umræður“

„Það þarf líka að vera gaman“

Um Hringborðið

Umræðuefni og áherslur

- Umræðuefni eru m.a. hlutverk nefnda, upplýsingaflæði, áhættustýring, ársreikningar, sjálfbærniskýrslur, IT-mál, netöryggi, gervigreind og efnahagsmál.
- Mikilvægt er að fá gestafyrirlesara og mismunandi sjónarhorn inn á fundina.
- Áhersla á að ræða muninn á milli ólíkra fyrirtækja og nefnda, t.d. fjármálafyrirtækja og annarra, og einnig muninn á nefndarmönnum innan og utan stjórna.

„Það sem snýr að fjárhagsmálum og ársreikningi er orðið býsna slípað en flestir í vandræðum með allt hitt, t.d. sjálfbærniskýrslur, áhættustýringu, IT mál o.fl.“

Hringborð endurskoðunarnefnda

Markmið Hringborðsins er að efla endurskoðunarnefndir, styrkja traust og bæta gæði vinnunnar í þágu allra hagsmunaaðila.

Hringborðið er vettvangur þar sem nefndarmenn geta hist, skipst á skoðunum og byggt upp tengslanet.

Á hringborðinu mun eiga sér stað umræða um bestu venjur í starfsemi endurskoðunarnefnda sem leiðir vonandi til samhljóms um þær.



Tengiliður:
Margrét Pétursdóttir
mpetursdottir@kpmg.is
825 2515

Um Hringborðið

- Meðlimir fá fræðslu í því sem varðar hlutverk nefndanna og því sem efst er á baugi hverju sinni og fá tækifæri til að kynnast vel innbyrðis og skiptast á skoðunum um málefni líðandi stundar og deila þekkingu.
- Umræðuefnin eru valin jafnóðum eftir því hvað það er sem brennur á hópnum en hugmyndin er að það verði kynning á fyrirframákveðnu efni og umræður í kjölfarið. Kynningarnar verði stuttar og áhersla á að tími til skoðanaskipta sé nægur.
- Kynningar geta komið frá:
 - Meðlimum hópsins sjálfs
 - Sérfræðingum KPMG
 - Utanaðkomandi aðilum

Samstarfsverkefni

- Um er að ræða samstarfsverkefni KPMG og meðlima Hringborðsins.
- Mikilvægt er að þátttakendur hafi áhrif á þróun Hringborðsins með því að setja fram hugmyndir um fyrirkomulag, efni eða hvaðeina sem getur stuðlað að því að markmið þess nái fram að ganga.

Praktísk mál

- Haldnir eru tveir til þrír fundir á ári
- Fundirnir eru haldnir í húsakynnum KPMG, Borgartúni 27, 8. hæð.
- Þegar um morgunfund er að ræða opnar húsið opnar kl. 8:30 með léttri morgunhressingu. Fundi lýkur kl.11.
- Möguleiki er að halda stöku sinnum seinnipartsfund.
- Fundirnir verða ekki í boði í streymi

Umgjörðin

Lagaleg umgjörð


Innlend löggjöf sem gildir um hlutverk og starfsemi endurskoðunarnefnda

Stjórnarhættir t.d.

- Viðmið um stjórnarhætti
- Hæfi og óhæði
- Sjálfsmat
- Ábyrgð og hlutverk
- Skipun nefnda
- Samskipti innan fyrirtækis

Einstök verkefni t.d.

- Áhættustýring
- Sjálfbærni
- Fjárhagsskýrslur
- Siðareglur
- Upplýsingaöryggi
- Gervigreind
- Innri endurskoðun
- Innra eftirlit



Reglugerð um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum



Hjördís Ýr Ólafsdóttir
hjordisolafsdottir@kpmg.is

Reglugerð nr. 537/2014

- Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum.
- <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/150b/i32014R0537.pdf>
- Reglugerðin var sett í kjölfar fjármálahrunsins og með henni er markmiðið að styrkja óhæði endurskoðenda
- Gildistaka, 1. janúar 2020 (júní 2016 í EU)
- Í reglugerðinni eru gerðar ríkari kröfur þegar um er að ræða endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, s.s. um starfstíma endurskoðanda, útboð, óheimila þjónustu, sérstaka skýrslu til endurskoðunarnefnda og þak á þóknun fyrir aðra þjónustu en endurskoðun.

Lög um endurskoðendur og endurskoðun

Eining tengd almannahagsmunum

- a) Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum markaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b) Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c) Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- d) Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.

Lögaðili sem er stórt félag og:

- e) Á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi
- f) Er stórnotandi, dreifiveita eða flutningsfyrirtæki samkvæmt skilgreiningum raforkulaga. Einnig lögaðili sem starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga, eða hitaveitu samkvæmt skilgreiningu orkulaga
- g) Hefur flugrekstrarleyfi samkvæmt lögum um loftferðir
- h) Hefur leyfi til rekstrar fjarskiptanets samkvæmt lögum um fjarskipti
- i) Sinnir farmflutningum samkvæmt siglingalögum

Lög um endurskoðendur og endurskoðun

Eining tengd almannahagsmunum

- a) Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum markaði í ríki innan Evrópu og Fríverskis og samnings

Stórt félag:

félag sem við uppgjörsdag fer yfir mörkin á a.m.k. tveimur af þremur eftirfarandi viðmiðunum:

- b) Lífe
1. heildareignum: 3.000.000.000 kr.,
 2. hreinni veltu: 6.000.000.000 kr.,
 3. meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu: 250,
- c) Lár
- 16

- d) Fél
- vátryggingastarfsemi nær a tölur samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi.

Lögaðili sem er stórt félag og:

- e) Á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi
- f) Er stórnotandi, dreifiveita eða flutningsfyrirtæki samkvæmt skilgreiningum raforkulaga. Einnig lögaðili sem starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga, eða hitaveitu samkvæmt skilgreiningu orkulaga
- g) Hefur flugrekstrarleyfi samkvæmt lögum um loftferðir
- h) Hefur leyfi til rekstrar fjarskiptanets samkvæmt lögum um fjarskipti
- i) Sinnir farmflutningum samkvæmt siglingalögum

Reglugerðin – gróft yfirlit

- Efni, gildissvið og skilgreiningar
- Þóknun vegna endurskoðunar
- Bann við því að veita þjónustu utan endurskoðunar
- Undirbúningur fyrir lögbundna endurskoðun og mat á ógnum við óhæði
- Gæðarýnir verkefnis
- Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar
- Áritun endurskoðanda
- Viðbótarskýrsla til endurskoðunarnefndarinnar
- Skýrsla til eftirlitsaðila eininga sem tengjast almannahagsmunum
- Skýrsla um gagnsæi
- Upplýsingar til lögbærra yfirvalda
- Varðveisla gagna
- Tilnefning löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja
- Tímalengd endurskoðunarverkefnis
- Afhendingargögn
- Eftirlit með starfsemi löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja sem annast lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum (Áslaug)

Yfirferðin í dag

**Þóknun vegna
endurskoðunar**

**Óheimil þjónusta
e. black list**

Heimil þjónusta

Mat á ógnun við óhæði

Áritun endurskoðanda

**Viðbótarskýrsla til
endurskoðunarnefndar**

**Starfstími
endurskoðunarfyrirtækja**

Tilnefning endurskoðanda

Þóknun vegna endurskoðunar

Þóknanir fyrir þjónustu vegna lögboðinnar endurskoðunar á einingum sem tengjast almannahagsmunum skulu ekki vera skilyrtar þóknanir.

Takmörkun á þóknun 70% þak

- Heildarþóknun fyrir þjónustu utan endurskoðunar má ekki vera hærri en 70% af meðalþóknun seinustu þriggja ára fyrir endurskoðun
- Takmörkunin á við um alla þjónustu veitta til einingarinnar, móðurfélags og dótturfyrirtækja

Takmörkun á þóknun 15% þak

- Ef heildarþóknanir á hverju ári undanfarandi þrjú ár nema meira en 15% af heildarþóknunum, sem endurskoðunarfyrirtæki móttækur, skal endurskoðunarfyrirtækið, eða ef svo ber undir, endurskoðandi samstæðu, upplýsa endurskoðunarnefndina um þessa staðreynd og ræða við endurskoðunarnefndina um ógnanir við óhæði þeirra og verndarráðstafanir sem beitt er til að draga úr þessum ógnunum.
- Endurskoðunarnefndin skal taka til athugunar hvort endurskoðunarverkefnið ætti að sæta gæðarýni sem framkvæmd er af öðrum endurskoðunarfyrirtæki áður en áritun endurskoðanda er gefin út.
- Ef þóknanir halda áfram að fara yfir 15% heildarþóknana skal endurskoðunarnefndin ákveða á hlutlægum grundvelli hvort endurskoðunarfyrirtækinu er heimilt að halda áfram að annast lögboðna endurskoðun um viðbótartímabil sem skal aldrei fara yfir tvö ár.

Óheimil þjónusta – (e. black list)

Endurskoðunarfyrirtæki, eða sérhver annar aðili tengslanets fyrirtækisins skal hvorki beint né óbeint veita endurskoðuðu einingunni, móðurfélagi hennar eða undirfyrirtækjum innan samstæðunnar neina óheimila þjónustu. Bannið gildir frá upphafi þess tímabils sem endurskoðað er og útgáfu áritunar.

a) Skattapjónusta sem tengist:

- i. vinnu við skattaeyðublöð,
- ii. launaskatti,
- iii. tollum,
- iv. tilgreiningu á opinberum niðurgreiðslum og skattaívilnunum nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins að því er varðar slíka þjónustu,
- v. aðstoð í tengslum við skattaeftirlit skattayfirvalda nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins að því er varðar slíkt eftirlit,
- vi. útreikningi á beinum og óbeinum skatti og frestuðum skatti,
- vii. skattaráðgjöf

b) þjónusta sem felur í sér þátttöku í stjórnun eða ákvarðanatöku endurskoðuðu einingarinnar,

c) bókhald og gerð bókhaldsgagna og reikningsskila

d) þjónusta tengd launabókhaldi,

e) þróun og innleiðing innra eftirlits eða áhættustjórnunarferla, sem tengjast undirbúningi og/eða umsjón með fjárhagsupplýsingum eða þróun og innleiðingu tæknilegra fjárhagsupplýsingakerfa,

f) verðmatsþjónusta, þ.m.t. verðmat sem gert er í tengslum við tryggingafræðilega þjónustu eða aðstoðarþjónustu vegna málaferla

g) lögfræðiþjónusta í tengslum við:

- i. almenna ráðgjöf,
- ii. samninga fyrir hönd endurskoðuðu einingarinnar og

iii. að sinna ráðgjafarhlutverki við lausn í málaferlum,

h) þjónusta sem tengist deild innri endurskoðunar í endurskoðuðu einingunni,

i) þjónusta sem tengist fjármögnun, samsetningu höfuðstóls, úthlutun og fjárfestingaráætlun endurskoðuðu einingarinnar, að undanskilinni váttryggingaþjónustu í tengslum við reikningsskil, s.s. útgáfa staðlaðra staðfestingarbréfa vegna útboðs- og skráningarlýsinga sem endurskoðaða einingin gefur út,

j) kynning, viðskipti með eða tryggingasala vegna hlutabréfa í endurskoðuðu einingunni,

k) mannauðsþjónusta að því er tekur til:

- i. stjórnunar þar sem tök eru á að hafa veruleg áhrif á gerð bókhaldsgagna eða reikningsskila sem falla undir lögboðna endurskoðun og slík þjónusta felur í sér: — leit eða val á umsækjendum um slíka stöðu eða — að taka að sér skoðun á meðmælum umsækjanda um þessar stöður,
- ii. formunar og hönnunar skipulagsheildarinnar,
- iii. kostnaðareftirlits.

Óheimil þjónusta – (e. black list) frh.

Tiltekna þjónusta er ekki heldur heimilt að veita á fjárhagsárinu sem er hið næsta undanfarandi tímabilinu sem tilgreint var á fyrri glæru.
(e. cooling in period)

a) Skattþjónusta sem tengist:

- i. vinnu við skattaeyðublöð,
- ii. launaskatti,
- iii. tollum,
- iv. tilgreiningu á opinberum niðurgreiðslum og skattaívilnunum nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins að því er varðar slíka þjónustu,
- v. aðstoð í tengslum við skattaeftirlit skattayfirvalda nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins að því er varðar slíkt eftirlit,
- vi. útreikningi á beinum og óbeinum skatti og frestuðum skatti,
- vii. skattaráðgjöf

b) þjónusta sem felur í sér þátttöku í stjórnun eða ákvarðanatöku endurskoðuðu einingarinnar,

c) bókhald og gerð bókhaldsgagna og reikningsskila

d) þjónusta tengd launabókhaldi,

e) þróun og innleiðing innra eftirlits eða áhættustjórnunarferla, sem tengjast undirbúningi og/eða umsjón með fjárhagsupplýsingum eða þróun og innleiðingu tæknilegra fjárhagsupplýsingakerfa,

f) verðmatsþjónusta, þ.m.t. verðmat sem gert er í tengslum við tryggingafræðilega þjónustu eða aðstoðarþjónustu vegna málaferla

g) lögfræðiþjónusta í tengslum við:

- i. almenna ráðgjöf,
- ii. samninga fyrir hönd endurskoðuðu einingarinnar og
- iii. að sinna ráðgjafarhlutverki við lausn í málaferlum,

h) þjónusta sem tengist deild innri endurskoðunar í endurskoðuðu einingunni,

i) þjónusta sem tengist fjármögnun, samsetningu höfuðstóls, úthlutun og fjárfestingaráætlun endurskoðuðu einingarinnar, að undanskilinni váttryggingaþjónustu í tengslum við reikningsskil, s.s. útgáfa staðlaðra staðfestingarbréfa vegna útboðs- og skráningarlýsinga sem endurskoðaða einingin gefur út,

j) kynning, viðskipti með eða tryggingasala vegna hlutabréfa í endurskoðuðu einingunni,

k) mannauðsþjónusta að því er tekur til:

- i. stjórnunar þar sem tök eru á að hafa veruleg áhrif á gerð bókhaldsgagna eða reikningsskila sem falla undir lögboðna endurskoðun og slík þjónusta felur í sér: — leit eða val á umsækjendum um slíka stöðu eða — að taka að sér skoðun á meðmælum umsækjanda um þessar stöður,
- ii. formunar og hönnunar skipulagsheildarinnar,
- iii. kostnaðareftirlits.

Óheimil þjónusta – (e. black list) frh.

Heimilt er að veita tiltekna þjónustu ef: a) hún hefur engin bein áhrif eða áhrifin eru óveruleg, aðskilið eða í heild, á endurskoðuð reikningsskil, b) matið á því hver áhrifin eru á endurskoðuðu reikningsskilin er alhliða skjalfest og útskýrt í viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndarinnar, sem um getur í 11. gr., og c) meginreglurnar um óhæði, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/43/EB, eru virtar af hálfu löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins.

a) Skattþjónusta sem tengist:

i. vinnu við skattaeyðublöð,

ii. launaskatti,

iii. tollum,

iv. tilgreiningu á opinberum niðurgreiðslum og skattaívilnunum nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins að því er varðar slíka þjónustu,

v. aðstoð í tengslum við skattaeftirlit skattayfirvalda nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins að því er varðar slíkt eftirlit,

vi. útreikningi á beinum og óbeinum skatti og frestuðum skatti,

vii. skattaráðgjöf

b) þjónusta sem felur í sér þátttöku í stjórnun eða ákvarðanatöku endurskoðuðu einingarinnar,

c) bókhald og gerð bókhaldsgagna og reikningsskila

d) þjónusta tengd launabókhaldi,

e) þróun og innleiðing innra eftirlits eða áhættustjórnunarferla, sem tengjast undirbúningi og/eða umsjón með fjárhagsupplýsingum eða þróun og innleiðingu tæknilegra fjárhagsupplýsingakerfa,

f) verðmatsþjónusta, þ.m.t. verðmat sem gert er í tengslum við tryggingafræðilega þjónustu eða aðstoðarþjónustu vegna málaferla

g) lögfræðiþjónusta í tengslum við:

i. almenna ráðgjöf,

ii. samninga fyrir hönd endurskoðuðu einingarinnar og

iii. að sinna ráðgjafarhlutverki við lausn í málaferlum,

h) þjónusta sem tengist deild innri endurskoðunar í endurskoðuðu einingunni,

i) þjónusta sem tengist fjármögnun, samsetningu höfuðstóls, úthlutun og fjárfestingaráætlun endurskoðuðu einingarinnar, að undanskilinni váttryggingaþjónustu í tengslum við reikningsskil, s.s. útgáfa staðlaðra staðfestingarbréfa vegna útboðs- og skráningarlýsinga sem endurskoðaða einingin gefur út,

j) kynning, viðskipti með eða tryggingasala vegna hlutabréfa í endurskoðuðu einingunni,

k) mannauðsþjónusta að því er tekur til:

i. stjórnunar þar sem tök eru á að hafa veruleg áhrif á gerð bókhaldsgagna eða reikningsskila sem falla undir lögboðna endurskoðun og slík þjónusta felur í sér: — leit eða val á umsækjendum um slíka stöðu eða — að taka að sér skoðun á meðmælum umsækjanda um þessar stöður,

ii. formunar og hönnunar skipulagsheildarinnar,

iii. kostnaðareftirlits.

Heimil þjónusta

Endurskoðandi getur veitt einingum tengdum almannahagsmunum þjónustu utan endurskoðunar, aðra en óheimila þjónustu, með fyrirvara um samþykki endurskoðunarnefndarinnar.

- Endurskoðunarnefnd ber í þessu sambandi m.a. að leggja mat á áhættu vegna óhæðis endurskoðenda tengt verkefninu.

Mat á ógnun við óhæði

Endurskoðandi skal meta og skjalfest ógnir við óhæði áður en hann þiggur eða heldur áfram með verkefni fyrir lögboðna endurskoðun á einingu tengdri almannahagsmunum.

- Endurskoðandinn skal:
 - Staðfesta skriflega við endurskoðunarnefndina að löggilti endurskoðandinn, endurskoðunarfyrirtækið og hluthafar, yfirstjórnendur og stjórnendur, sem annast lögbundnu endurskoðunina, séu óháðir endurskoðuðu einingunni.
 - Ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlegar ógnanir við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkum ógnunum
 - Hlutverk endurskoðunarnefndarinnar er að leggja mat á óhæðið

Áritun endurskoðanda

Í reglugerðinni eru gerðar viðbótarkröfur um innihald áritunar endurskoðanda

- Viðbótarkröfur
 - Taka skal fram hvaða aðili réði endurskoðandann
 - Tilgreina dagsetningu tilnefningar og tímabil sem samfelld verkefni voru unnin, þ.m.t. fyrri endurnýjanir og endurtilnefningar
- Gefa skal upp eftirfarandi til stuðnings álit endurskoðandans
 - Lýsingu á mikilvægustu áhættum á verulegum skekkjum sem metnar voru svo, þ.m.t. áhætta sem metin var á verulegum skekkjum vegna svika
 - Samantekt á viðbrögðum endurskoðandans gagnvart þessum áhættum og
 - Lykilathugasemdir, sem upp koma að því er varðar þessar áhættur, þar sem við á
 - Þar sem við á, vegna framangreinds, skýr tilvísun í viðkomandi skýringar í reikningsskilunum
- Útskýra skal að hvaða marki lögbundna endurskoðunin var talin geta greint frávik, þ.m.t. Svik
- Staðfesta að álit endurskoðanda sé í samræmi við viðbótarskýrsluna til endurskoðunarnefndarinnar

Áritun endurskoðanda frh.

Í reglugerðinni eru gerðar viðbótarkröfur um innihald áritunar endurskoðanda

- Yfirlýsing um um að óheimil þjónusta hafi ekki verið veitt og að viðkomandi endurskoðandi hélt óhæði sínu við framkvæmd – (skýra þarf frá því ef svo er ekki og áhrifum á mat á óhæði)
- Taka skal fram hvers kyns þjónustu, sem er til viðbótar endurskoðuninni og ekki hefur verið upplýst um í skýrslu stjórnar eða reikningsskilunum

Viðbótarskýrsla til endurskoðunarnefndar

Endurskoðandinn skal leggja fram viðbótarskýrslu með niðurstöðum endurskoðunarinnar síðar þann dag sem áritunin er lögð fram. Tilgreind eru atriði sem eiga að koma fram að lágmarki.

- Yfirlýsing um óhæði
- Tilgreining á sérhverjum áritunarendurskoðanda
- Staðfesting á óhæði ytri sérfræðinga ef endurskoðandinn hefur nýtt slíka við endurskoðunina
- Lýsing á tíðni, eðli og umfangi samskipta við endurskoðunarnefndina, framkvæmdastjórn og stjórn eða eftirlitsstjórn þ.m.t. dagsetningum funda.
- Lýsing á umfangi og tímasetningu endurskoðunarinnar
- Lýsing á skiptingu verkefna meðal endurskoðenda ef fleiri en einn hefur verið tilnefndur.
- Lýsing á því hvaða endurskoðunaraðferð (gagnaendurskoðun / aðgerðaendurskoðun) hefur verið beitt á hvaða liði efnahagsreiknings. Skýra þarf frá verulegum breytingum í aðferðafræði frá fyrra ári, jafnvel þótt annar endurskoðandi hafi annast endurskoðun á fyrra ári
- Upplýsa um mikilvægismörk, fjárhæð fyrir reikningsskilin í heild og einnig vegna tiltekinna flokka viðskipta, stöðu reikninga eða skýringa og upplýsa um eigindlega þætti sem tekið var tillit til við ákvörðum mikilvægismarka.
- Mat á atburðum sem gætu falið í sér verulegar efasemdir um áframhaldandi starfsemi og óvissu þeim tengdum, leggja einnig fram yfirlit um allar ábyrgðir, staðfestingarbréf, vilyrði um opinbera íhlutun og aðrar ráðstafanir sem litið hefur verið til við mat á áframhaldandi starfsemi.

Viðbótarskýrsla til endurskoðunarnefndar frh.

Endurskoðandinn skal leggja fram viðbótarskýrslu með niðurstöðum endurskoðunarinnar síðar þann dag sem áritunin er lögð fram. Tilgreind eru atriði sem eiga að koma fram að lágmarki.

- Greina skal frá öllum verulegum brotalömum í innra eftirliti, fjármálum og/eða bókhaldskerfinu. Taka skal fram fyrir sérhverja verulega brotalöm hvort fundin hefur verið lausn á umræddri brotalöm af hálfu stjórnenda eða ekki.
- Greina frá öllum verulegum atvikum sem fela í sér, eða grunur leikur á um að feli í sér að ekki hafi verið farið að lögum og reglugerðum að því marki sem þau eru talin skipta máli til að endurskoðunarnefndinni sé kleift að ljúka verkefnum sínum.
- Greina frá og meta matsaðferðir sem beitt er gagnvart ýmsum liðum og hvers kyns áhrif sem breytingar á þessum aðferðum hafa.
- Skýra frá umfangi samstæðu ef við á, og þá þeim útilokunaraðferðum sem beitt er gagnvart einingum sem ekki eru í samstæðunni og hvort beiting þeirra sé í samræmi við reikningsskilareglur.
- Greina frá vinnu endurskoðanda í öðrum löndum utan tengslanets endurskoðunarfyrirtækis ef við á.
- Taka fram hvort endurskoðaða einingin lagði fram allar skýringar og skjöl sem beðið var um.

Viðbótarskýrsla til endurskoðunarnefndar frh.

Endurskoðandinn skal leggja fram viðbótarskýrslu með niðurstöðum endurskoðunarinnar síðar þann dag sem áritunin er lögð fram. Tilgreind eru atriði sem eiga að koma fram að lágmarki.

- Greina skal frá:
 - öllum verulegum vandkvæðum sem upp komu við endurskoðunina
 - öllum mikilvægum málefnum sem upp komu við endurskoðunina sem rædd voru eða voru tilefni bréfaskrifta við stjórnendur og
 - Öllum öðrum málefnum sem upp komu við endurskoðunina sem skv. faglegu mati endurskoðandans eru mikilvæg við umsjón með ferlinu við gerð reikningsskila
- Að fenginni beiðni endurskoðanda eða endurskoðunarnefndar skal endurskoðandinn ræða lykilmálefni í skýrslunni við endurskoðunarnefndina, stjórn eða ef við á, eftirlitsstjórn einingarinnar
- Ef fleiri en einn endurskoðandi hefur verið tilnefndur og ágreiningur hefur risið á milli þeirra um verklag við endurskoðun, reikningsskilareglur eða annað atriði sem varðar framkvæmd endurskoðunarinnar skal skýrslan innihalda lýsingi á ágreiningnum.
- Skýrslan skal vera dagsett og undirrituð nafni löggilta endurskoðandans
- Að fenginni beiðni og í samræmi við landslög skal endurskoðandinn tafarlaust gera viðbótarskýrsluna aðgengilega lögbærum yfirvöldum. (endurskoðendaráð)

Starfstími endurskoðunarfyrirtækja

Þak er sett á starfstíma endurskoðunarfyrirtækja til að efla óhæði

- Ráða skal löggiltan endurskoðandi til að lágmarki eins árs, heimilt er að endurnýja verkefnisráðninguna.
- Hvorki skal upphaflegur samningur né samningur í samsetningu við nokkurn annan tengdan endurnýjaðan verksamning vara lengur en í 10 ár.
- Eftir að samningstíma líkur skal hvorki endurskoðandinn né endurskoðunarfyrirtækið taka að sér endurskoðun fyrir sömu eininguna innan næstu fjögurra ára.
- Heimilt er að lengja verksamning í: (Lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019)
 - 20 ár að undangengnu opinberu útboði skv. reglugerðinni
 - 24 ár ef fleiri en einn endurskoðandi er tilgreindur

Tilnefning endurskoðanda

Endurskoðunarnefndin skal leggja fram tilmæli til stjórnar vegna tilnefningar löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja

- Tilmælin skulu rökstudd og innihalda val um a.m.k. tvo kosti. Endurskoðunarnefndin skal tjá sig með tilhlýðilegum rökstuðningi hvorn hún kys fremur – nema um sé að ræða endurnýjun samnings undir 10 ár.
- Nefndin skal gera grein fyrir því að í tilmælunum gæti engra áhrifa frá þriðja aðila og að engin samningur hafi verið gerður við þriðja aðila sem takmarkar valkosti af hálfu hluthafafundar.
- Tilmælin skulu unnin í kjölfar valferils (nema ef um er að ræða endurnýjun allt að 10 árum)
- Einingunni er heimilt að bjóða öllum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum að taka þátt nema þeim sem eru í 4 ára hvíldartíma.
- Skipulag útboðsferilsins má ekki á neinn hátt útiloka þátttöku þeirra endurskoðunarfyrirtækja sem fengu minna en 15% heildarendurskoðunarþóknana fá einingum tengdum almannahagsmunum á næstliðnu almanaksári.
- Útboðsgögnin skulu innihalda gagnsæjar valforsendur sem eru án mismunar og skal beitt af endurskoðuðu einingunni til að meta tilboðin
- Endurskoðunarnefndin skal taka til skoðunar öll framkomin atriði og niðurstöður í sérhverri eftirlitsskýrslu um löggilta endurskoðandann eða endurskoðunarfyrirtækisins sem birt er af endurskoðendaráði.
- Endurskoðunarnefndin skal vinna og staðfesta skýrslu um niðurstöður valferlisins.

Tilnefning endurskoðanda

Endurskoðunarnefndin skal leggja fram tilmæli til stjórnar vegna tilnefningar löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja

- Endurskoðaða einingin skal vera fær um að sýna endurskoðendaráði fram á, ef þess er krafist, að valferlið hafi farið fram með réttmætum hætti
- Endurskoðunarnefndin skal bera ábyrgð á valferlinu
- Ef tillaga stjórnar er ekki samhljóma fyrsta vali endurskoðunarnefndarinnar skal, í tillögunni, færa rök fyrir þeim ástæðum að ekki er fylgt tilmælum endurskoðunarnefndarinnar. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki, sem stjórnin mælir með, verður þó að hafa tekið þátt í valferlinu.
- Sérhvert ákvæði samnings á milli einingarinnar og þriðja aðila sem takmarkar valkosti af hálfu hluthafafundar skal vera dautt og ógilt
- Einingin skal tilkynna endurskoðendaráði beint og án tafar um hvers konar tilraunir af hálfu þriðja aðila til að setja slíkt samningsákvæði eða reyna að hafa áhrif á annan hátt á ákvörðun hluthafafundar varðandi val á endurskoðanda

Breytingar á lögum og reglum til að hafa í huga við lokun á árinu 2025



Gísli Baldvinsson
gbaldvinsson@kpmg.is



Margrét Pétursdóttir
mpetursdottir@kpmg.is

Áhersluatriði ársreikningaskrár

Ársreikningaskrá setur fram áhersluatriði fyrir eftirlit með ársreikningum vegna reikningsársins 2025. Þessi atriði miða að því að tryggja að reikningsskil félaga uppfylli kröfur laga nr. 3/2006, reglugerðar nr. 696/2019 ásamt settum reikningsskilareglum.

- Áhersluatriðin taka mið af atriðum sem upp hafa komið við eftirlit með reikningsskilum á síðustu árum auk nýlegra breytinga á lögum, reglugerðum og settum reikningsskilareglum. Að þessu sinni er lögð áhersla á eftirfarandi atriði í reikningsskilum félaga;
 - Framsetning og upplýsingar í skýrslum stjórnar, þ.m.t. um viðbótarupplýsingar sbr. ákvæði 66. gr. laga nr. 3/2006, að teknu tilliti til leiðbeininga reikningsskilaráðs.
 - Upplýsingar um leigusamninga í skýringum félaga sem kjósa að beita reglu reikningsskilaráðs (RR6) um reikningshaldslega meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka.
 - Almennar upplýsingar í skýringum með ársreikningum og samstæðureikningum og beitingu hugtaksins glögg mynd.
- [Nánari upplýsingar um áhersluatriði ársreikningaskrár á vefsíðu skattsins.](#)

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Framsetning og skýringar í reikningsskilum



Hvað er málið?

Breytingar á því hvernig fyrirtæki miðla fjárhagslegri frammistöðu sinni.

Til að bregðast við kröfum fjárfesta um að upplýsingar séu meira viðeigandi, gagnsæjar og samanburðarhæfar, krefst IFRS 18 þess að öll fyrirtæki:

- Birti nýja fyrirframskilgreinda millisamtölu, 'rekstrarhagnaður';
- Upplýsi í reikningsskilum um tiltekna **afkomumælikvarða** sem skilgreindir eru af stjórnendum (e. management-defined performance measures (MPMs)), og þeir verða hluti af endurskoðuðum fjárhæðum í reikningsskilum, t.d. aðlöguð EBITDA; og
- Bæti hvernig þau flokka upplýsingar.



Hver eru áhrifin?

IFRS 18 mun gera fyrirtækjum kleift að segja „sögu“ sína betur í reikningsskilunum. Fjárfestar munu njóta góðs af meira samræmi í framsetningu rekstrarreiknings og sjóðstreymisýfirlits og sundurliðaðri upplýsingagjöf.

Með því að gera tiltekna afkomumælikvarða hluta af endurskoðuðum reikningsskilum eykst trúverðugleiki lykil afkomumælikvarða stjórnenda.

Afkoma fyrirtækja mun ekki breytast. Það sem breytist er hvernig

- Árangur er birtur í rekstrarreikningi; og
- Upplýsingagjöf í skýringum.

IFRS 18 er ætlað vera skref í átt að tengdari upplýsingagjöf.



Hvað er næst?

IFRS 18 gildir frá 1. janúar 2027 og er innleiddur afturvirk. Evrópusambandið á eftir að staðfesta hann þess er vænst að það verði gert á fyrsta ársfjórðungi 2026.


Heimilt er að innleiða staðalinn fyrr.

Þetta er því tíminn til að undirbúa sig.

* IFRS 18 Presentation and Disclosure in Financial Statements kemur í stað IAS 1 Presentation of Financial Statements.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hverjar eru helstu breytingarnar




Aukið skipulag rekstrarreiknings

- Nýjar millisamtölur þar á meðal "rekstrarhagnaður"
- Tekjur og gjöld flokkuð í þrjá flokka – rekstrar-, fjárfestinga- og fjármögnunarflokk
- Því til viðbótar eru birtar upplýsingar í sér flokkum um tekjuskatt og aflagða starfsemi.
- Aðalstarfsemi ræður flokkun tekna og gjalda s.s.
 - Gengismunur verður flokkaður eftir því hverju hann tengist
 - Tekjur og gjöld af afleiðna flokkaðar eftir því í hvaða tilgangi þeirra var aflað.



Afkomumælikvarðar stjórnsenda birtir

- MPMs eru nú birtir í reikningsskilunum og því endurskoðaðir.
- MPMs innhalda suma en ekki alla 'non-GAAP' mælikvarða.
- Nýjar skýringakröfur sem þarf að uppfylla



Önnur áhrif

Önnur áhrif staðalsins eru m.a.

- Nýjar skýringar fyrir liði sem kallaðir eru „aðrir“
- Auknar leiðbeiningar um það hvernig flokka eigi upplýsingar í reikningsskilunum.
- Breytingar gerðar á sjóðsstreymi.
- Viðskiptavild birt sérstaklega efnahagsreikningi.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hvaða mælikvarðar utan reikningsskilareglna eru nú í ársreikningi?

Eingöngu eru birtir mælikvarðar sem eru **samtölur tekna og gjalda**, þ.e. **afkomumælikvarðar stjórnenda (MPM)**.

Skilgreining afkomumælikvarða er þröng og **inniheldur ekki** eftirfarandi:

- ✗ Ófjárhagslega afkomumælikvarða, s.s. tölfræði um ánægju viðskiptavina.
- ✗ Fjárhagslega afkomumælikvarða sem eru ekki samtölur tekna og gjalda, t.d. frjálst sjóðstreymi og kennitölur.
- ✗ Heildarsamtölur eða millisamtölur sem skilgreindar eru í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, s.s. vergur hagnaður.



Tilteknir mælikvarðar sem falla undir skilgreiningu á afkomumælikvörðum stjórnenda munu nú verða birtir í ársreikningi og endurskoðaðir. Af því leiðir að fyrirtæki kunna að vilja skoða nánar hvort núverandi mælikvarða sem notaðir eru við upplýsingagjöf utan reikningsskila séu viðeigandi og þjóni tilgangi sínum.

1 Millisamtala í opinberri upplýsingagjöf er talin endurspegla skoðun stjórnenda á fjárhagslegum árangri nema hægt sé að hrekja hana með sanngjörnum og rökstuddum upplýsingum.

Skattalagabreytingar

Óverulegar breytingar eru á skattalögum er snúa að lögaðilum á árinu 2026. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- **Lögaðilar:**

- Tekjuskattshlutfall fer aftur niður í 20% eftir tímabundna hækkun í 21%.
- Sýndareignum bætt við þá fjármálagerninga sem senda þarf ríkisskattstjóra skýrslu um.
- Innviðagjald fyrir hvern farþega um borð í skemmtiferðaskipi í millilandasiglingum á meðan skipið dvelur í höfn hér á landi lækkað úr 2.500 kr. í 1.600 kr.
- Breytingar á veiðigjaldi
- Frá 1. janúar 2026 skal greiða kílómetragjald af öllum ökutækjum, óháð orkugjafa og breytingar vörugjalda á bifreiðar

Sjálfbærni - lagaumhverfið

Væntanleg löggjöf

Núverandi löggjöf

Núverandi löggjöf – á útleið

Non-Financial Reporting Directive (NFRD)

- Lög um ársreikninga – grein 66d.
- Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Núverandi löggjöf – kröfur að aukast


EU Taxonomy

- Lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Væntanleg löggjöf

Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD)

- Lög um ársreikninga- kemur í stað greinar 66d.



Óháðar staðfestingar eftir innleiðingu á CSRD

Sjálfbærni - lagaumhverfið

- Frekari tafir hafa orðið á innleiðingu á CSRD á Íslandi vegna Omnibus og „Stop the clock“.
- Endurskoðuð löggjöf frá EU var samþykkt í desember, formlegur frágangur eftir
- Þegar sú löggjöf liggur fyrir staðfest er eftir innleiðing hjá EES og síðan hjá Íslandi
- CSRD er ekki inni á málaskrá vorþings 2026 en var tekið út með þeim formerkjum að ef EU löggjöfin liggur fyrir í lok árs verður það sett á málaskrá aftur og innleitt hratt – málið mun einnig fara hratt í gegnum EES.
- Frumvarpið er ekki á málaskrá þingsins 14. janúar 2026
- Breyting á kröfum um skýrslugjöf og staðfestingar mun þannig taka gildi í fyrsta lagi vegna ársins 2027.
- Ekki er fyrirbyggjandi að breytingar verði gerðar á EU Taxonomy fyrr en CSRD verður innleitt

Lagalegar kröfur vegna 2025 – og líklega 2026 – óvissa um tímasetningu innleiðingar á Íslandi

- Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í samræmi við 66d
- EU Taxonomy í samræmi við 66d
- Álit endurskoðanda í samræmi við 104 gr.

Omnibus – tillögur

- >1,000 einstaklinga í vinnu og
- > 450M EUR velta

Sjálfbærni – lagalegar kröfur vegna ársins 2025

Sömu reglur gilda og vegna ársins 2024:

Stór félög, PIE og móðurfélög stórra samstæða birta
ófjárhagslega upplýsingagjöf **og** Taxonomy

Viðauki

IFRS 18

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hvernig mun rekstrarreikningurinn líta út?

IFRS 18 kynnir til sögunnar nokkrar lykilbreytingar á rekstrarreikningi, þar á meðal:

- **Tvær nýjar millisamtölur** í rekstrarreikningi sem krafist er,
- tekjur og gjöld flokkuð í **þrjá nýja flokka**, sem byggir á meginstarfsemi fyrirtækisins, og
- **afkoma af eignarhlutum í öðrum félögum** verður alltaf í færð í fjárfestingaflokk nema að hún sé hluti af meginstarfsemi



Öll fyrirtæki þurfa að meta vandlega hvaða tekjur og gjöld eiga heima í hverjum flokki. Flokkun mun verða mismunandi eftir því hvort fyrirtæki telst vera í tiltekinni meginatvinnustarfsemi s.s. að veita viðskiptavinum fjármögnun eða fjárfesting í eignum (fasteigna- og tryggingafélög)

Rekstrarreikningur

Fyrirtæki sem ekki eru í tiltekinni megin starfsemi	
Rekstur ¹	Tekjur X
	Rekstrargjöld (greind eftir eðli, starfsemi eða bæði eins og við á) (X)
	Rekstrarhagnaður X
Fjárfesting ¹	Hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga X
	Tekjur af öðrum fjárfestingum X
	Vaxtatekjur af handbæru fé X
	Hagnaður eða tap fyrir fjármögnun og tekjuskatt² X
Fjármögnun ¹	Vaxtagjöld af lánum og leiguskuldum (X)
	Vaxtagjöld af lífeyrisskuldbindingum (X)
	Hagnaður fyrir skatt X
	Tekjuskattur (X)
	Hagnaður ársins X

¹ Rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarflokkarnir eru ekki í samræmi við þá sem eru í sjóðstreymi.

² Fyrirtæki sem veita viðskiptavinum fjármögnun sem aðalstarfsemi, t.d. bankar birta venjulega ekki fram þessa samtölu.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hverjir eru flokkar tekna og gjalda?

Öll fyrirtæki flokka tekjur og gjöld í þrjá nýja flokka.

Rekstur – tekjur/gjöld sem tengjast meginstarfsemi fyrirtækisins.


Fjárfesting – tekjur/gjöld af:

- Fjárfestingum í hlutdeildarfélögum, samrekstri og dótturfélögum utan samstæðu,
- Handbæru fé og
- Eignum sem skila tekjum hver fyrir sig og að mestu óháð annarri starfsemi, t.d. leigutekjur af fjárfestingareignum hjá félagi sem hefur fjárfestingu í fjárfestingareignum ekki sem megin starfsemi.

Fjármögnun – samanstendur af:

- Tekjur/gjöld af skuldum sem tengjast eingöngu fjármögnun, t.d. vaxtagjöld af lánum og
- Vaxtatekjur/vaxtagjöld og áhrif vaxtabreytinga vegna annarra skulda, t.d. vaxtagjöld af leiguskuldam.

Fyrirtæki í **tiltekinni megin starfsemi**¹ flokka viðbótarliði tekna og gjalda í rekstrarflokkinn sem annars væru flokkaðir í fjárfestingu eða fjármögnun.



¹ Þetta er í IFRS 18 skilgreint sem fjárfesting í eignum, t.d. fasteignafélög eða tryggingafélög, eða að veita viðskiptavinum fjármögnun, t.d. bankar).

² Hlutdeild í hagnaði/tapi hlutdeildarfélaga er alltaf flokkuð með fjárfestingum.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hvaða áhrif hefur eðli starfsemi fyrirtækis þíns á flokkun?

Flokkun tekna og gjalda er mismunandi eftir því hver meginstarfsemi fyrirtækis er.

	Framleiðandi A	Framleiðandi B	Banki	Fasteignir
				
Meginstarfsemi	Framleiðsla og sala á vörum	Framleiðsla og sala á vörum og að veita viðskiptavinum fjármögnun	Veita viðskiptavinum fjármögnun	Fjárfesting í eignum
Vaxtagjöld af lánum	Fjármögnun	Rekstur ¹ og val á milli rekstrar og fjármögnunar ²	Rekstur ¹ og val á milli rekstrar og fjármögnunar ²	Fjármögnun
Hagnaður/tap af fjárfestingar-eignum	Fjárfesting	Fjárfesting	Fjárfesting	Rekstur



Fyrirtækjum með margskonar meginstarfsemi sem innihalda sérgreinda meginstarfsemi (fjármögnun/fjárfesting í eignum) kann að finnast það íþyngjandi að flokka tekjur og gjöld í rekstrarreikningi.

¹ Inniheldur öll vaxtagjöld af lánum sem tengjast fjármögnun til viðskiptavina.

² Val um reikningsskilaaðferð á við um vaxtagjöld af lánum sem ekki tengjast fjármögnun til viðskiptavina.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hvernig eru rekstrargjöld sýnd?

Fyrirtæki sýna **greiningu á rekstrargjöldum** í rekstrarreikningi.

Samkvæmt IFRS 18 er fyrirtækjum ekki lengur heimilt að gera eingöngu grein fyrir rekstrargjöldum í skýringum.

Fyrirtæki birtir rekstrargjöld á þann veg sem talinn vera gagnlegastur fyrir notendur reikningsskilanna, eftir

- **eðli**,
- **starfsemi** eða
- **blandaðri framsetningu**.

Ef rekstrargjöld eru sett fram eftir starfsemi þá eru nýjar reglur um skýringar.



Blönduð framsetning rekstrargjalda er nú heimil.

Rekstrarreikningur

Eftir starfsemi*

Tekjur	X
Kostnaðarverð seldra vara	(X)
Vergur hagnaður	X
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	(X)
Stjórnunarkostnaður	(X)
Rekstrarhagnaður	X

Eftir eðli

Tekjur	X
Efniskaup	(X)
Flutningskostnaður	(X)
Afskriftir	(X)
Starfsmannakostnaður	(X)
Rekstrarhagnaður	X

Blandað*

Tekjur	X
Kostnaðarverð seldra vara	(X)
Hagnaður	X
Afskriftir	(X)
Stjórnunarkostnaður	(X)
Rekstrarhagnaður	X

* Nýjar skýringar eiga við.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hvernig er skýrt frá rekstrargjöldum?

Ef rekstrargjöld eru sett fram **eftir starfsemi** í rekstrarreikningi ber fyrirtæki að:

- Birta sundurliðun kostnaðarverðs sölu (þar sem það á við) og
- sýna skiptingu eftir eðli rekstrargjalda í hverjum kostnaðarlið.

Að auki skal fyrirtæki í skýringu setja fram nánari upplýsingar um eðli og fjárhæðir **fimm tegunda rekstrargjalda** (sjá hér til hliðar). Þessar upplýsingar þurfi ekki að stemma við rekstrarreikning þar sem **þær ná bæði til eignfærslna og gjaldfærslna**.



Fyrirtæki kunna að þurfa að aðlaga kerfi og ferla til að halda utan um viðeigandi upplýsingar til að uppfylla kröfur um upplýsingagjöf.

Skýringar í ársreikningi

Rekstrargjöld eftir eðli (a)	Afskriftir	Afborgun lána	Hlunnindi starfsfólks	Virðis-rýrnun /bakfærsla	Niðurfærsla birgða/bakfærsla
Heildarfjárhæð færð á tímabilinu	72 ^(b)	X	X	X	X
Heildarfjárhæð innifalin í:					
Kostnaðarverð sölu	50				
Stjórnunarkostnaður	3				
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	15				
Samtals fært í rekstrarreikning	68 ^(b)	X	X	X	X

a Fjárhæðirnar sem eru birtar eru þær sem eru gjaldfærðar á tímabilinu, nema afskriftir sem innihalda fjárhæðir sem eru eignfærðar í birgðum.

b Munurinn á þessum samtölum tengist afskriftum í fjárfestingaflokki.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hverjar eru nýjar skýringar vegna afkomumælikvarða stjórnenda?

Í einni skýringu í ársreikningi skal fyrirtæki:

- tilgreina að afkomumælikvarðar stjórnenda birta sýn stjórnenda á fjárhagslegum árangri fyrirtækisins og tiltaka að þeir séu ekki endilega sambærilegir við árangursmælikvarða annarra fyrirtækja,
- útskýra hvers vegna afkomumælikvarðar stjórnenda veita gagnlegar upplýsingar og hvernig þeir eru reiknaðir,
- Birta afstemmingu afkomumælikvarða stjórnenda við samtölu/millisamtölu sem tilgreind er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, þar á meðal skattaleg áhrif og áhrif á hlutdeild minnihluta fyrir hvern lið sem stemmdur er af og
- skýra breytingar milli tímabila, t.d. breytingar á útreikningi og nýja afkomumælikvarða stjórnenda.

Skýringar í ársreikningi

	20X7	Skattaleg áhrif	Áhrif á minnihluta
Aðlagður rekstrarhagnaður (afkomumælikvarði stjórnenda)	X	X	X
Kostnaður vegna endurskipulagningar	(X)	(X) ^(a)	(X)
Rekstrarhagnaður *	X		

(a) Skattaleg áhrif kostnaðar vegna endurskipulagningar í eru reiknuð í samræmi við gildandi skatthlutfall í árslok 20X7, sem var %.



Afstemmingar kunna að fela í sér viðbótarvinnu. Fyrirtæki kann t.d. að þurfa að þróa viðeigandi aðferð til að reikna áhrif tekjuskatts vegna hvers liðar sem stemmdur er af í skýringunni.

* Samtala sem gerð er krafa um í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

þurfa fyrirtæki að breyta flokkum upplýsinga í ársreikningi?

Mögulega, já.

Fyrirtæki fá nú ítarlegri leiðbeiningar um flokkun, þ.e. samantekt og sundurliðun, í reikningsskilum.

Í því felst:

- **ný skilgreining á hlutverki** frumyfirlita í ársreikningi og skýringum,
- **sameiginlegir eiginleikar** liða sem grundvöll fyrir samantekt og sundurliðun, t.d. eðli, starfsemi, stærð, landfræðileg staðsetning og regluverk, og
- **einn ólíkur eiginleiki**, sem leitt getur til sundurliðunar, ef hann telst verulegur

Nýjar skýringar eiga við í því skyni að letja fyrirtæki til að merkja liði sem **annað** og safna liðum saman í stórar stakar fjárhæðir.

Ákvörðun um hvernig flokka eigi upplýsingar er áfram matsatriði.



Mikilvægi gildir áfram um framsetningu upplýsinga í ársreikningi. Hins vegar þurfa fyrirtæki einnig að skoða hvort frumyfirlitin veiti gagnlega og skipulega samantekt. Því kann að vera rétt að birta ekki sérstaka liði í reikningsskilunum ef birting þeirra telst ekki uppfylla skilyrðin um gagnsemi. Slíkar upplýsingar þarf þó að birta í skýringum.

Samanteknar upplýsingar

Hlutverk frumyfirlita

Veita **gagnlega og skipulega samantekt** yfir eignir, skuldir, eigið fé, tekjur, gjöld og sjóðstreymi fyrirtækisins.

Sundurgreindar upplýsingar

Hlutverk skýringa

Veita viðbótarupplýsingar sem teljast **mikilvægar**.

Undirbúningur innleiðingar IFRS 18

Hvaða breytingar eiga við um frumyfirlit í ársreikningi?

Sjóðstreymi

- **Rekstrarhagnaður er upphafspunktur** fyrir óbeinu aðferðina.
- **Möguleiki** til að flokka vexti og arð í sjóðstreymi sem **rekstrarhreyfingar** fellur niður.

Sjóðstreymi (almennt form)¹



Fjármögnun

- Greiddur arður
- Greidd vaxtagjöld



Fjárfesting

- Fenginn arður
- Innborgaðar vaxtatekjur

¹ Flokkun á vöxtum og arði mun ráðast af megin starfsemi fyrirtækis.

Efnahagsreikningur

Viðskiptavild er sýnd sem sérstakur liður í efnahagsreikningi.

Rekstrarfjármunir	X
Viðskiptavild	X
Óefnislegar eignir	X
Fastafjármunir samtals	X

The image features the KPMG logo centered on a dark blue background. The background is composed of several perspective lines that create a sense of depth, resembling a tunnel or a modern architectural structure. The logo itself consists of the letters 'KPMG' in a bold, italicized, sans-serif font. Above each letter is a white square outline, which is part of the KPMG network branding. The overall aesthetic is professional and modern.

KPMG